

Nd.

194. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík, orðist þannig:

Alþingismenn í Reykjavík skulu vera 9. Skal þá neðri deild Alþingis skipuð 33 mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við næstu almennar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Í Reykjavík eru eftir manntalinu 1930 búsettir 28182 menn, en á öllu landinu búa um 108500 menn. Af 36 þjóðkjörnum þingmönnum ber Reykjavík eftir mannfjölda rúmlega 9 þingsæti, en hefir nú 4. Með frv. þessu fengi Reykjavík 9 þingsæti af 41 þjóðkjörnum þingmönnum, en bæri í rauninni 10. Þó væri við þetta unandi fyrst um sinn.

Engin ástæða virðist til að fjölga þingmönnum í efri deild Alþingis, enda ætti sú deildin helst að hverfa sem fyrst. Ef aftur á móti stjórnarskrárfrv. það yrði samþykkt, er nú liggur fyrir efri deild, yrði þingmannatalan í neðri deild 28, eins og nú er, en 13 yrðu í efri deild. Kæmu þá 5 Reykjavíkurlingmenn í stað 6 landskjörinna í þinginu.

Það verður ekki til lengdar varið að halda Reykjavík með þinglegu ofbeldi frá réttmætri þátttöku í stjórn landsins og löggjöf. Nú er tækifæri til að gera á þessu bót.